

Stjórn Sorpu bs.

Ár 2015, föstudaginn 13. nóvember var haldinn 356. stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Mættir: Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Karen E. Halldórsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir. Guðmundur Geirdal boðaði forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur.

Tekið fyrir:

1. Níu mánaða rekstraryfirlit
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir 9 mánaða óendurskoðað rekstraruppgjör. Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er kr. 299.869.150. Jafnframt kynntur samanburður á áætlun og rekstri fyrir sama tímabil.
2. Kæra Íslenska gámafélagsins
Lögð fram og kynnt kæra ÓK Lögmanna fyrir hönd Íslenska gámafélagsins til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál, vegna kröfu um aðgengi að tilboðsgögnum Gámaþjónustunnar vegna útboðs á þjónustu við grenndargámakerfið. Framkvæmdastjóra falið að svara kærinni.
3. Siðareglur fyrir starfsmenn
Kynnt drög að siðareglum fyrir starfsmenn. Málið rætt og frestað til næsta fundar.
4. Yfirlýsing vegna Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir yfirlýsingu sem send var Gróðri fyrir fólk í Landnámi Ingólfs vegna mögulegrar notkunar jarðvegsbætis í vistvangi á Reykjanesi.
5. Næsti fundur.
Næsti fundur stjórnar er ákveðinn 14. desember kl. 12.00.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundarritari var Sigríður B. Einarsdóttir

Fundi slitið klukkan 09.05

Bjarni Torfi Álfþórsson

Halldór Auðar Svansson
Rósa Guðbjartsdóttir
Hafsteinn Pálsson
Bjarni Hjarðar

Jóna Sæmundsdóttir
Karen Halldórsdóttir
Björn H. Halldórsson
Sigríður Björg Einarsdóttir